



Ágætu félagar.

Það sem rekur á eftir mér við að bjóða fram starfskrafta mína til formennsku í félaginu okkar er sú óvissa sem nú ríkir um starfsumhverfi okkar hvað varðar launasetningu forstöðumanna ríkisstofnana. Sirkusinn kringum kjararáð og vinnubrögðin þar eru algerlega óþolandi og hafa leitt til mikils ímyndarskaða á störfum forstöðumanna. Það skiptir þá starfsemi sem við stöndum í forsvari fyrir miklu máli að traust og ásættanlegt verklag sé um ákvarðanir um laun forstöðumanna og raunar um allt starfsumhverfi okkar.

Félagið okkar þarf að stíga vasklega fram til standa vörð um okkar hagsmuni félagsmanna í þessum efnunum.

Forstöðumenn ríkisstofnana eiga sér fáa talsmenn. Stjórnámálmenn leyfa sér að væna okkur um spillingu og jafnvel þjófnað. Talsmenn hagsmunasamtaka væna okkur um óráðsínu og fjölmiðlar taka undir. Mér þykir mjög erfitt að sitja undir þessu. Við þurfum að skapa félaginu okkar þá stöðu að það geti verið öflugur málsvari og styrki ímynd okkar starfa.

Ég hef áhuga á að vera formaður í félagi sem vinnur að því.

Ég átti sæti í stjórn félagsins um nokkurra ára skeið og hélt þá utan um fjármál félagsins. Nú hafa umsvif félagsins aukist mikið í ljósi breytinga og mikil tækifæri til að efla starfið. Það er vandasamt vegna þeirrar stöðu sem við erum í t.d. sem samningsaðilar við stéttarfélög og vera jafnframt að byggja upp félagið okkar sem einkonar stéttarfélag en án samningsréttar. Um þetta þarf félagið að eiga gott samtal innbyrðis svo félagsmenn hafi trú á því sem gert verður.

Með góðri félagskveðju

Gissur Pétursson

Forstjóri Vinnumálastofnunar (frá 1997)